

Ed.

61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 17 3. október 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Flm.: Jónas Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráði Íslands skulu vera fjórir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Störf við afgreiðslur utanríkismála í stjórnarráði Íslands hafa mjög aukizt á hinum síðari árum, þannig að í stað þess, að fyrst í stað var að þeim unnið sem einkonar aukastörfum af einkaritari forsætisráðherra, útheimta þau nú starfskrafta og starfsskilyrði á við aðrar deildir stjórnarráðsins. Mun þegar hafa verið ákveðið, að skrifstofa utanríkismálanna fái aukin húsakynni, svo sem nauðsyn krefur, en flutningsmenn telja og rétt, að ekki verði lengur dregið, að skipaður verði skrifstofustjóri fyrir skrifstofu utanríkismála, enda er þeim og kunnugt um, að ríkisstjórn og utanríkismálanefnd eru því samþykkt.

Í lögunum, sem vísað er til í upphafi lagafrumvarpsins, er tala skrifstofustjóra stjórnarráðsins hinsvegar einskorðuð við þrjá, og þarf því lagabreytingu, eins og í frumvarpinu felst, til þess að skrifstofustjóri geti orðið skipaður fyrir utanríkismála-deild stjórnarráðsins.